

Mál nr. 186/2014
M
og V vegna slysatryggingar útgerðar X.

Orsakatengsl vegna líkamstjóns þann 28. júní 2011 og tilkynningarfrestur sky.
1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingarsamninga.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. júní 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 8. júlí 2014.

Málsatvik.

Í tilkynningu um slys á sjómanni til Sjúkratrygginga Íslands frá 3. apríl 2014 kemur fram að þann 28. júní 2011 hafi það atvik orðið um borð í skipi útgerðar X að M hafi fallið ofan í lest og annar fótur hans festist milli lestarlúgu og –karms. Skipstjóri heyrði hróp frá M og náði að losa um lúguna þannig að fótur M losnaði.

Samkvæmt gögnum málsins virðist M ekki hafa leitað til læknis vegna slyssins fyrr en 10. apríl 2012, eða tæplega 10 mánuðum eftir atvikið. Fram kemur að M hafi haldið að áverkarnir myndu lagast af sjálfu sér og því ekki talið þörf á læknishjálpi. Hjá læknum kvartaði M yfir óþægindum í hægri ökkla sem M rakti til fyrrgreinds slyss. Leiddi skoðun hjá lækni ekkert í ljós nema að lítið svæði yfir ökkla var mjög aumt viðkomu. Önnur einkenni komu ekki fram. Fékk M deyfingarsprautu sem að sögn M virkaði mjög vel og var hann verkjalaus fram á haustið en eftir smá óhapp í vinnunni blossuðu einkennin upp á nýjan leik. Leitaði hann því til læknisins aftur í mars 2013. Fékk hann sprautu þá aftur en í komu til læknisins í apríl 2014 sagði M að sprautan hefði ekki virkað eins vel og fyrri sprautan.

V fékk tilkynningu um slysið þann 3. apríl 2014. Með bréfi þann 11. júní 2014 hafnaði V bótaskyldu með vísan til þess að ekki væri sýnt fram á að um orsakatengsl væri að ræða milli þess atviks sem M lýsir að hafi átt sér stað 28. júní 2011 og einkenna M nú. Í bréfi V til nefndarinnar frá 8. júlí sl. kemur einnig fram að V telji að tilkynningin um slys til félagsins hafi komið fram of seint, sbr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem sýna að M leitaði mjög takmarkað til læknis vegna afleiðinga þess tjónsatviks sem hann lýsir að hafi átt sér stað í júní 2011. M leitaði ekki á slysadeild í kjölfar þessa og ekki til læknis fyrr en tæplega 10 mánuðum eftir slysið. Fór M svo einu sinni til læknis út af ökklanum árið 2013. Ljóst er að engin samtímagögn um einkenni M liggja fyrir í málinu. Yfirlýsing skipstjórans frá 26. mars 2014 hefur ekki áhrif á sönnunarstöðu M varðandi orsakatengslin.

Engin gögn í málin sýna fram á að M hafi hlotið þau einkenni, sem hann telur sig vera með í dag, við það atvik sem hann lýsir að hafi átt sér stað þann 28. júní 2011. Verður því að telja að orsakatengsl milli þess og einkenna M séu ósönnuð. Þarf þess vegna ekki að taka afstöðu til þess hvort tilkynningin hafi verið of seint fram komin.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu útgerðarinnar X.

Reykjavík 19. ágúst 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.